

Nd.

408. Tillaga

til þingsályktunar um rannsókn á sölu íslenskra landbúnaðarafurða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að láta rannsaka sölu, flokkun og notkun íslenskrar ullar erlendis.
2. Að gera sitt itrasta til þess að fá undanþágu frá þeim innflutningshömlum, sem nú eru á innflutningi lifandi sauðfjár til Bretlands, og kynna sjer jafnframt möguleikana fyrir slíkum innflutningi til annara landa.
3. Að fá til þess hæfan mann að leitast fyrir um markað fyrir íslenska hesta í Svíþjóð, gera þá kunna þar og standa fyrir sölutilraunum þangað.

Ástæður.

Síðastliðið ár varð, svo sem kunnugt er, stórfelt verðfall á nálega öllum landbúnaðarafurðum, er kom bændum yfirleitt mjög á óvart. Þeir höfðu ráðið til sín verkafólk fyrir afarkaup og margir byrjað á umbótum sjer til þæginda eða hagsbóta, og bundið þannig fje sitt. Verðfall þetta, ásamt harðindum síðastliðins vetrar, hjó það skarð í efnahag bænda, að fæstir þeirra munu telja sjer fært að ráða til sín verkafólk að nokkrum mun, þótt kaupgjald lækki, meðan salan á öllum landbúnaðarafurðum er jafnótrygg og nú er. Bændur munu því alment draga saman seglin að miklum mun og framleiðsla og framkvæmdir landbænda þokast aftur á bak, jafnvel svo árum skiftir.

Fáum mun geta blandast hugur um það, að hjer sje um alvörumál að ræða fyrir okkar þjóðfjelag, og að ekki megi lengur svo búið standa, án þess að reyna eitthvað til hjargar. Að visu er ekki sennilegt, að mikið verði gert til umbóta í þessu efni á skömmum tíma. Aðalatriðið er, að landbúnaðarkreppan verði sem skammvinnust.

Eins og áður hefir verið dregið á, er ein af höfuðorsökum landbúnaðarkreppunnar verðfall afurðanna, sem stafaði að nokkru leyti af hinu almenna verðfalli, mest á óunnum vörum, svo sem ull og gærum. Hitt mun þó ráða engu minna, að vörur okkar eru yfirleitt ekki taldar 1. flokks vörur, hvorki að því er snertir meðferð varanna, vöruvöndun eða vörugæði, en lakari vörutegundir falla venjulega fyrst og mest í verði, þegar fjákræppa ríður yfir.

Annað verulegt atriði í þessu máli er það, að markaðurinn hefir reynst þröngur, einkum fyrir hesta og kjöt, svo að lítið rúm virðist leyft fyrir aukna framleiðslu á þeim sviðum. Getur því hæglega svo farið, að markaðurinn ofyllist, en þá er kaupendunum greiðari leið að gera samtök sín á milli um að halda verðinu niðri, eftir eigin geðþóttu.

Einn meginþátturinn í orsökum þessa verðfalls á landbúnaðarafurðum mun mega teljast óviðráðanlegur; hinir þættirnir eru þannig vaxnir, að á þeim má vafalaust ráða verulega bót, ef bændur, þing og landsstjórn tækju höndum saman í þessu máli. Aðrar þjóðir verja árlega stórfje til þess að leita að nýjum kaupendum, kynna vörur sínar, rannsaka nýjar aðferðir um meðferð þeirra vörutegunda, er þær hafa á boðstólum, grenslast eftir óskum kaupendanna um gæði, flokkun og allan frágang varanna o. m. fl.

Enn þá höfum við Íslendingar gert lítið í þessum efnum. Það mun því tæpast seinna vænna að hefjast handa, ef verða mætti, að það gæti orðið til þess, að landbúnaðarkreppunni ljetti fyr af.

Nánari greinargerð í framsögunni.